



Útgáfa víkjandi **skuldabréfa**

Febrúar 2016


Yfirlit

1. Um VÍS
2. Breytt fjármagnsskipan
3. VÍS 16 1

Um VÍS

- VÍS var stofnað árið 1989 með sameiningu Samvinnutrygginga og Brunabótafélags Íslands sem á rætur sínar að rekja allt aftur til ársins 1917.
- Stærsta tryggingafélag landsins með um þriðjungsmarkaðshlutdeild.
- VÍS hefur verið skráð á Aðalmarkað NASDAQ Iceland hf. frá 24. apríl 2013.
- VÍS starfar skv. starfsleyfi frá FME og er eftirlitsskyldur aðili.
- Félagið starfar á skaðatryggingamarkaði og á líftryggingamarkaði í gegnum dótturfélagið Líffís.
- Reksturinn byggir á tveimur stoðum, váttryggingarekstri og fjárfestingum og eiga báðar stoðir að skila ásættanlegri afkomu
- Starfsmenn VÍS eru tæplega 200.
- Öflugt þjónustunet - 32 þjónustuskrifstofur um land allt.
- Fjöldi tjóna eru ríflega 30 þúsund á ári.
- Arðgreiðslufélag með heimild til kaupa á eigin bréfum, innan settra marka um fjárhagslegan styrk.
- Hefur skilað hagnaði á hverju ári síðastliðin 24 ár.
- Fjárhagslega sterkt með Solvency II gjaldþolshlutfall 1,65 í árslok 2014.
- Fjöldi hluthafa var um 930 í lok september.

Þróun eigin fjár og arðsemi



Skipulag félagsins




Skipulag

- Skipurit félagsins endurspeglar áherslu félagsins á markaðinn og þjónustu við fyrirtæki og einstaklinga.
- Skýr verkaskipting og ábyrgð einstakra sviða er snúa að váttryggingastarfsemi.
- Framkvæmdastjórn félagsins skipa:
 - Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri.
 - Agnar Óskarsson, tjónasvið.
 - Anna Rós Ívarsdóttir, mannauðssvið og útibúanet.
 - Auður Björk Guðmundsdóttir, fyrirtækjþjónusta.
 - Friðrik Bragason, einstaklingsþjónusta.
 - Guðmar Guðmundsson, fjármálasvið.
 - Þorvaldur Jacobsen, þróunarsvið.
- Forstöðumaður fjárfestinga mótar og framfylgir fjárfestingastefnu með fjárfestingaráði og stjórn félagsins.

Stjórn

- Stjórn félagsins samanstendur af reynslumiklu fólki með fjölbreyttan bakgrunn.
 - Herdís Dröfn Fjeldsted, formaður.
 - Jostein Sorvoll, varaformaður.
 - Bjarni Brynjólfsson.
 - Guðmundur Þórðarson.
 - Helga Jónsdóttir.

Skipurit VÍS




Mikil áhættudreifing og skýr endurtryggingastefna

- Mikil áhættudreifing er í viðskiptamannastofni félagsins og eru viðskiptavinir rúmlega 80 þúsund.
- Dreifing iðgjalda er talsverð milli tryggingaflokka en um 46% iðgjalda eru bifreiðatryggingar og 23% eignatryggingar.


Endurtryggingastefna

- Ekkert eitt tjón lækki gjaldþol meira en 3%.
- Enginn stórtjónaatburður sem getur náð til fleiri en eins greinaflokks lækki gjaldþol meira en 6%.
- Endurtryggjendur hafi styrkleikamat A eða hærra skv. Standard & Poor's eða sambærilegt.
- Hámark veginnar áhættu hjá einum endurtryggjanda að jafnaði ekki meiri en 75% af gjaldþoli.


Iðgjöld ársins 2014 eftir váttryggingagreinum



Styrkur endurtryggjenda (S&P)



Iðgjöld ársins 9M 2015



m.kr.	9M 2015	9M 2014	2014
-------	---------	---------	------

Iðgjöld tímabilsins	12.390	11.853	16.023
Eigin iðgjöld	11.955	11.390	15.420
Fjármunatekjur	2.973	1.426	2.439
Heildartekjur	15.045	12.935	18.023

Rekstur


Tjón tímabilsins	-9.828	-9.054	-12.297
Eigin tjón	-9.905	-8.926	-12.119
Rekstrarkostnaður	-3.012	-2.939	-3.919
Heildargjöld	-12.911	-11.892	-16.069

Hagnaður	1.989	906	1.710
-----------------	--------------	------------	--------------


Hlutföll

Tjónahlutfall	79,3%	76,4%	76,7%
Eigið tjónahlutfall	82,9%	78,8%	78,6%
Kostnaðarhlutfall	21,3%	21,6%	21,4%
Endurtr.kostnaðarhlutfall	4,1%	2,8%	2,6%
Samsett hlutfall	104,7%	100,8%	100,7%

Iðgjöld ársins




Tvær meginstoðir í rekstri




m.kr. 30.9.2015 31.12.2014

	30.9.2015	31.12.2014
Eignir		
Fjárfestingar	31.347	33.258
Laust fé	1.987	1.400
Viðskiptakröfur	6.443	5.284
Endurtryggingaeignir	1.331	1.392
Aðrar kröfur	1.915	1.540
Hugbúnaður	1.360	1.185
Óefnislegar eignir	829	868
Aðrar eignir	1.581	1.539
Eignir samtals	46.793	46.466
Skuldir		
Eigið fé	14.546	15.956
Vátryggingaskuld	29.593	27.577
Viðskiptaskuldir	1.362	697
Aðrar skuldir	1.292	2.236
Skuldir samtals	46.793	46.466
Hlutföll		
Eiginfjárhlutfall	31,1%	34,3%
Arðsemi eign fjár	17,4%	10,5%
Gjaldþolshlutfall samstæðu (SI)	3,37	3,11

Arðsemi eign fjár




Eigin tjónaskuld




Vátryggingamarkaðurinn




Markaðshlutdeild




Samsett hlutfall



Iðgjöld á markaði, borin saman við iðgjöld 2010 uppfærð mv. VNV



Kostnaðarhlutfall



Útreikningar á hlutföllum eru unnir af VÍS með samræmdum hætti fyrir öll félögin.

Hin stoðin í rekstri tryggingafélaga


- Markmiðið að stýra fjárfestingaeignum félagsins og tryggja hámarksávöxtun m.v. skilgreinda áhættu.
- Það er m.a. gert með stýringu á:
 - Vægi einstakra eignaflokka
 - Gæðum skuldabréfa t.d. ríkistryggðum eða með lánshæfismati
 - Líftíma skuldabréfa
 - Vægi einstakra útgefanda verðbréfa
- Unnið er eftir vel skilgreindu fjárfestingaferli og ábyrgð til athafna er vel skilgreind.
- Fjárfestingastefna félagsins er endurskoðuð a.m.k. árlega og staðfest af stjórn
 - FME þarf að staðfesta fjárfestingastefnu.
- Markaðsáhætta er annar af stærstu áhættuþáttum gjaldþolskröfunnar.

Markaðsáhætta samkvæmt staðalreglu Solvency II samanstandur af eftirfarandi:

- Vaxtaáhætta
- Hlutabréfaáhætta
- Fasteignaáhætta
- Gjaldmiðlaáhætta
- Vikáhætta
- Samþjöppunaráhætta

Aðrar áhættur sem tengjast fjárfestingastarfsemi:


- Verðbólguáhætta
- Lausafjánhætta
- Mótaðilaáhætta




- Fjárfestingaeignir félagsins námu 33,3 ma.kr. í lok 3F 2015.
- Vægi ríkisskuldabréfa og annarra tryggra skuldabréfa er 63% af eignasafni félagsins.
- Eignasafnið hefur tekið nokkrum breytingum síðustu ár.
- Vægi innlendra hlutabréfa og annarra skuldabréfa s.s. sértryggðra skuldabréfa hefur aukist.

Seljanleiki eignasafnsins

Innlent/erlent



Fjárfestingatekjur og ávöxtun



Stoð I

Viðeigandi fjárhagsgrundvöllur
(e. quantitative requirements)

- ✓ Eignir og skuldbindingar gerðar upp á markaðsvirði
- ✓ Gjaldpolskrafa (SCR) reiknuð reglulega
- ✓ Lágmarksfjármagn (MCR) reiknað reglulega
- ✓ Fjármagnsskipan skilgreind

Stoð II

Viðeigandi stjórnarhættir og eftirlitskerfi (e. governance and risk management)

- ✓ Stjórnarhættir
- ✓ Skipulag áhættustýringar skilgreint og innleitt
- ✓ Stefna um samhæfða áhættustýringu
- ✓ Stefna um Innri stjórnun og eftirlit
- ✓ Stefna um eigið fé og arðgreiðslur
- ✓ Eigið áhættu- og gjaldpolsmat félagsins (ORSA) framkvæmt 4 sinnum
- ✓ Áhættuvilji settur af stjórn

Stoð III

Skýrslugjöf
(e. Reporting and disclosure)

- ✓ Skýrsla um gjaldpól og fjárhagslega stöðu til almennings – drög af henni, Stjórnkerfisskýrsla, skilað til FME á síðasta ári
- ✓ Ársfjórðungsskýrslum á XBRL formi skilað til FME í gegnum aðkeyptan hugbúnað
- Regluleg eftirlitsskýrsla til FME (í fyrsta sinn 2017)




Breytt fjármagnsskipan

Fjármagnsskipan og mat á tjónaskuld



Reiknað gjaldþol og gjaldþolskrafa í árslok 2014



Gjaldþolshlutfall samkvæmt Solvency II

- Stjórn félagsins hefur sett samstæðunni markmið um áhættuvilja sem tekur mið af núverandi starfsemi auk neðri vikmarka. Samkvæmt markmiðunum á gjaldþolshlutfall samstæðunnar samkvæmt Solvency II að vera um 1,5 með neðri vikmörkum í 1,35. Virk áhættustýring og mælingar eiga að tryggja að markmið náist.
- Arðgreiðslur og kaup á eigin bréfum munu taka mið af settum markmiðum.
- Gjaldþolshlutfall samstæðunnar reiknað í samræmi við væntanlega nýja löggjöf var 1,65 í árslok 2014.
- Með gjaldþolshlutfalli 1,0 eru minna en 0,5% líkur tölfræðilega á að félagið muni ekki geta staðið við allar skuldbindingar sínar næstu 12 mánuði.

Tjónaskuld

- Félagið hyggst breyta reikningsskilaaðferð hvað varðar mat á tjónaskuld í árslok 2015 til samræmis við kröfur Solvency II. Samkvæmt núgildandi aðferð við útreikning á gjaldþoli felur tjónaskuldin í sér álag vegna óvissu en þetta álag er lægra í nýju löggjöfinni.
- Þar sem um er að ræða breytingu á reikningsskilaaðferð samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum mun hún hafa áhrif á upphafsstöðu eigin fjár og tjónaskuldar ársins 2014 og verða rekstrarreikningar árána 2014 og 2015 jafnframt lagaðir að breytingunni. Tekjuskattar vegna breytingarinnar koma til greiðslu á árinu 2016.
- Í árslok 2014 nam reiknað umframvirði í tjónaskuld að meðtöldum sköttum um 4,7 ma.kr. Gjaldþolshlutfallið tekur mið af þessum útreikningi.

Gjaldþol og gjaldþolskrafa

Eiginfjárbættir sem mynda gjaldþol tryggingafélaga samkvæmt Solvency II

Þáttur I (Tier 1):


- Hefðbundið eigið fé
- Víkjandi skuldabréf án lokagjalddaga.
- A.m.k. 80% af lágmarksfjármagni (MCR)

Þáttur II (Tier 2):

- Víkjandi lán til a.m.k. 10 ára.
- Heimild til þrepahækkunar í vöxtum

Þáttur III (Tier 3):


- Aðrir eiginfjárbættir



Flest víkjandi skuldabréf evrópskra tryggingafélaga falla undir þátt II (Tier 2)

Ávinningur af útgáfu víkjandi skuldabréfa

- Útgáfa víkjandi skuldabréfa er liður í því að ná hagkvæmari fjármagnsskipan og auka arðsemi eigin fjár.
- Helstu kostir víkjandi skuldabréfa í fjármagnsskipan tryggingafélaga:
 - Nýtist sem eiginfjárpáttur í gjaldpóli
 - Hækkar arðsemi eigin fjár
 - Vaxtagjöld eru skattalega frádráttarbær
 - Sveigjanleiki við erfiðar aðstæður
- Fyrirhuguð útgáfa nemur 18% af gjaldpólsmarkmiði og 28% af gjaldpólskröfu
- Hámarksfjárhæð víkjandi skuldabréfa sem nýtast að fullu í þætti II nemur 4,5 ma.kr. miðað við gjaldpólskröfu í lok árs 2014.
- Arðsemi eigin fjár síðastliðna 12 mánuði (Q4 2014 til Q3 2015) hefði verið 2,6% hærri með 2,5 ma.kr. víkjandi skuldabréfi í fjármagnsskipan félagsins.



Kröfur Solvency II um skilmála víkjandi skuldabréfa

Á móti þeim kröfum eru félaginu settar miklar skorður í starfsemi sinni

Engar beinar tryggingar



- Eignasafn félagsins er óbeint til tryggingar fyrir vátryggingaskuld og víkjandi skuldabréfi.
- Eignasafnið er að mestu leyti í traustum og auðseljanlegum eignum.

Engin fjárhagsleg skilyrði eða gjaldfellingarákvæði



- Löggjöfin setur rekstri tryggingafélaga fjárhagsleg skilyrði og þau lúta opinberu eftirliti.
- Til viðbótar hefur félagið lagt fram markmið um fjárhagslegan styrk.

Heimild til að fresta vaxtagreiðslum



- Ekki hægt að greiða út arð, kaupa eigin bréf eða lækka hlutfé fyrir en búið er að greiða frestaðar vaxtagreiðslur.

Skuldabréfið þarf að víkja fyrir öðrum skuldbindingum



- Skuldabréfin eru að mestu leyti bara víkjandi fyrir vátryggingaskuld félagsins, sem gjaldfellur ekki öll í einu lagi, líkt og hefðbundnari skuldir annarra fyrirtækja og banka geta gert.

Staða víkjandi skuldabréfa við áföll



Atburður	Afleiðing	Viðbrögð	Staða
Gjaldpols- hlutfall fer undir 1,35	Stefna félagsins er að gjaldpolshlutfall sé 1,5. Ef hlutfallið fer undir 1,35 þurfa stjórnendur að tilkynna stjórn um slíkt og viðbragðsáætlun er virkjuð	<u>Félagið getur lækkað gjaldpolskröfu með því að:</u> <ul style="list-style-type: none">• fresta arðgreiðslum eða kaupum á eigin bréfum• draga úr áhættu í eignasafninu• auka endurtryggingar	Óbreytt staða
Gjaldpól fer undir gjaldpols- kröfu (SCR)	Félagið starfar áfram með óbreyttum hætti. FME fer fram á gerð áætlunar um hvernig félagið ætlar að uppfylla gjaldpolskröfu	<u>Félagið getur lækkað gjaldpolskröfu með því að:</u> <ul style="list-style-type: none">• fresta arðgreiðslum eða kaupum á eigin bréfum• draga úr áhættu í eignasafninu• auka endurtryggingar• félagið getur aukið hlutaféð	Hægt að fresta vaxtagreiðslu
Gjaldpól fer undir lágmarks- fjármagn (MCR)	Félagið fær frest til að bæta úr stöðu sinni. Hafi fullnægjandi ráðstafanir ekki verið gerðar innan settra tímamarka getur FME afturkallað starfsleyfi félagsins.	<u>Félagið getur lækkað gjaldpolskröfu með því að:</u> <ul style="list-style-type: none">• fresta arðgreiðslum eða kaupum á eigin bréfum• draga úr áhættu í eignasafninu• auka endurtryggingar• félagið getur aukið hlutaféð• félagið getur lagt fram áætlun um endurskipulagningu	Skbr. eigendur koma mögulega að endurskipu- lagningu
Starfsleyfi afturkallað	FME skipar félaginu nýja stjórn. Réttur hluthafa til að taka ákvarðanir á grundvelli eignarhluta sinna verður óvirkur. Slitastjórn skal aðeins gera ráðstafanir um meiriháttar hagsmuni nema að brýna nauðsyn beri til.	FME, að höfðu samráði við slitastjórn, tekur ákvörðun um hvort félagið skuli leitast við að flytja váttryggingarstofn sinn til annarra váttryggingafélaga eða ljúka uppgjöri með öðrum hætti. Einnig skal taka ákvörðun um hvort óska skuli gjaldþrotaskipta á félaginu eða hvort það skuli starfrækt áfram.	Endurheimtur fara eftir gæðum eignasafns
Slit félags	Fer eftir XII. Kafli laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi, lagann. 2/1995 um hlutfélög og lagann. 21/1991 um gjaldþrotaskipti	Íslensk lög gilda um gjaldþrotaskipti váttryggingafélags, nema lög 56/2010 kveði á um annað	Endurheimtur fara eftir gæðum eignasafns

	Lýsing	Áhrif	Afleiðingar
Gjaldþolsmarkmið	Gjaldþol félagsins í árslok 2014, gjaldþolshlutfall félagsins 1,65. Búið að taka tillit til arðgreiðslu	<p>Gjaldþol 14.964 Gjaldþolskrafa 9.080 1,65</p>	Félagið hefur svigrúm til arðgreiðslu eða kaupa á eigin bréfum.
Sviðsmynd I	Skuldabréf félagsins lækka í verði um 5%, skráð verðbréf með breytilegum tekjum lækka um 10% og óskráðar eignir um 20% Engin framlegð úr váttryggingrekstri	<p>Gjaldþol 12.341 Gjaldþolskrafa 8.621 1,43</p>	Félagið er fyrir ofan vikmörk og þarf ekki að grípa til aðgerða
Sviðsmynd II	Skuldabréf félagsins lækka um 10%, önnur verðbréf lækka um 20%	<p>Gjaldþol 10.749 Gjaldþolskrafa 8.464 1,27</p>	Félagið er komið niður fyrir neðri vikmörk. Aðgerðaráætlun virkjuð
Sviðsmynd III	Skuldabréf félagsins lækka um 10%, önnur verðbréf um 30% Framlegð af váttryggingarekstri neikvæð um 2 ma.kr	<p>Gjaldþol 7.839 Gjaldþolskrafa 8.056 0,97</p>	Félagið er komið undir gjaldþolskröfu. Setja þarf upp áætlun um hvernig það uppfyllir aftur gjaldþolskröfu

Sviðsmynd III - gjaldþolið fer undir gjaldþolskröfu (SCR)

Félagið hefur ýmsar leiðir til þess að hækka gjaldþolshlutfallið.




1. Endurskipuleggja eignasafnið
2. Fresta arðgreiðslum eða kaupum á eigin bréfum
3. Auka endurtryggingavernd
4. Selja frá sér váttryggingastofna
5. Félagið getur aukið hlutfé

Einfaldast að endurskipuleggja eignasafnið


Sviðsmynd III - Leið I

- Öll verðbréf með breytilegum tekjum seld og keypt ríkisskuldabréf í staðinn
- Hlutabréfa- og gjaldmiðlaáhætta verður engin
- Gjaldþolshlutfallið hækkar úr 0,97 í 1,10



Sviðsmynd III – Leið II

- Öll verðbréf seld og keypt ríkisskuldabréf með 2 ára líftíma
- 1 m.kr. í handbært fé fyrir rekstur
- Markaðsáhætta er lágmörkuð
- Gjaldþolshlutfallið hækkar úr 0,97 í 1,30





VÍS 16 1

VIS 16 1 • Helstu skilmálar



Nafn bréfs	VIS 16 1
Tegund	Verðtryggt vaxtagreiðslubríf
Tímalengd	30 ár með uppgreiðsluheimild eftir 10 ár
Upphæð	2.500.000.000 kr.
Vextir	5,25% fastir verðtryggðir vextir, greiddir tvisvar á ári
Vaxtahækkun	Vextir hækka í 6,25% þegar 10 ár eru liðin frá útgáfudegi
Verðtryggður höfuðstóll	Já
Nafnverðseining	20.000.000 kr.
Útgáfudagur	29. febrúar 2016
Lokagjalddagi	1. mars 2046
Heimild til uppgreiðslu	1. mars 2026 og á öllum gjalddögum þar á eftir (auk uppgreiðsluheimildar ef bréfið hættir að telja sem eiginfjárbáttur samkvæmt gjaldþolsreglum)
Flokkun	Tier 2 (Solvency II)
Heimild til frestunar vaxta	Já
Skráning í kauphöll	Já, fyrir árslok 2016

Frestun á greiðslu vaxta (Skilyrði Solvency II)


- Útgefanda er ávallt heimilt að fresta vöxtum.
- Frestaðar vaxtagreiðslur bera ekki vexti né verðbætur.
- Allar frestaðar vaxtagreiðslur gjaldfalla og koma til greiðslu í eftirfarandi tilvikum:
 - Um leið og ákvörðun hefur verið tekin eða úrskurður eða dómur fallið um töku útgefanda til gjaldþrotaskipta eða slit á útgefanda.
 - Um leið og ákvörðun hefur verið tekin um að útgefandi greiði arð, lækki hlutafé í útgefanda eða kaupi eigin hluti.
 - Um leið og heimild um innágreiðslu eða uppgreiðslu samkvæmt skuldabréfum þessum er nýtt.
- Greiðsluskylda frestaðra vaxta skal þó ekki vera til staðar ef útgefandi uppfyllir ekki skilyrði um gjaldþol eða mun ekki uppfylla þau í kjölfar greiðslu á frestuðum vaxtagreiðslum.

Útgefanda er heimilt að greiða skuldabréfin upp

1. Ef skuldabréf þessi mynda ekki grunn að útreikningi gjaldþols útgefanda samkvæmt gildandi reglum, án uppgreiðslugjalds.
2. Á hvaða tíma frá og með 1. mars 2026, án uppgreiðslugjalds.

Samþykki fjármálaeftirlitsins þarf ávallt að liggja fyrir ef útgefandi hyggst nýta sér uppgreiðsluheimild

Kjör VÍS 16 1



- Skuldabréfin verða seld með **250bps** álagi ofan á HFF44
- Fjárfestar eru því að fá fasta verðtryggða vexti sem nema **meirihluta** þeirrar ávöxtunarkröfu sem hluthafar VÍS gera til eigin fjár félagsins*


Heimild: Keldan og greiningardeild Arion banka

***Raun eiginfjárfkrafa VÍS** samanstendur af nafn ávöxtunarkröfu 11,2% skv virðismati greiningardeildar Arion banka frá 9. júlí 2015. Áhættulausir vextir hafa lækkað um 63bps frá útgáfu virðismatsins og lækka því ávöxtunarkröfuna. Þann 29. janúar 2016 var 12 ára verðbólgualag á markaði 3,33%. Miðað við framangreindar forsendur reiknast raun ávöxtunarkrafa VÍS 7,24%


Fjárfestar VIS 16 1 fá stóran hluta raunávöxtunarkröfu eigin fjár í sinn hlut



Innlendur samanburður



Erlendur samanburður



Samanburðarhópur samanstendur af tryggingafélögum í Evrópu sem hafa gefið út víkjandi skuldabréf í þætti 2 (Tier 2). Heimild: Bloomberg.

Samantekt um útgáfu



VÍS	<ul style="list-style-type: none">VÍS er traust, fjárhagslega sterkt og leiðandi tryggingafélag á íslenskum váttryggingamarkaði með tæplega 100 ára sögu.
Fjárhagslegur styrkur	<ul style="list-style-type: none">Útgáfan er liður í því að ná fram hagkvæmstu fjármagnsskipan félagsins með tilliti til nýrra gjaldpólsreglna samkvæmt Solvency II.Fyrir liggur skýr stefna um gjaldpóslshlutfall og áhættuvilja.
Solvency II	<ul style="list-style-type: none">Nýtt regluverk setur félaginu ítarlegar skorður í rekstri og áhættustýringu.Miklar kröfur gerðar til seljanleika og gæða fjárfestingaeigna.
VIS 16 1	<ul style="list-style-type: none">Félagið býður nú fjárfestum til sölu víkjandi skuldabréf að andvirði 2.500 m.kr. á 5,25% verðtryggðum nafnvöxtum sem hækka í 6,25% eftir 10 ár.
Kauptilboð og áskriftir	<ul style="list-style-type: none">Félaginu hefur nú þegar borist kauptilboð í heildarvirði útgáfunnar.Engu að síður munu fjárfestar geta skráð sig fyrir áskriftum í útboðinu.Sérstök áskriftareyðublöð verða send út til fjárfesta á næstu vikum.

Skila þarf inn áskriftum í útboðið fyrir kl 17:00 [fimmtudaginn 25. febrúar 2016](#)

Frekari upplýsingar



Allar nánari upplýsingar um útboðið má nálgast hjá starfsmönnum Markaðsviðskipta Arctica Finance

Agnar Hansson

agnar@arctica.is

513 3331 / 840 4140

Adrian Sabido

adrian@arctica.is

513 3332 / 840 4131

Arnar Geir Sæmundsson

arnar@arctica.is

513 3335 / 896 6566

Daði Kristjánsson

dadi@arctica.is

513 3333 / 840 4145

Guðlaugur Steinarr Gíslason

gudlaugur@arctica.is

513 3334 / 693 1692



ARCTICA FINANCE

Gjaldþol: Gjaldþol er eigið fé tryggingafélags leiðrétt fyrir þeim liðum sem ekki eru varanlega aðgengilegir fjármunir í starfsemi þess, s.s. óefnislegar eignir, væntar arðgreiðslur, víkjandi skuldabréf o.þ.h.

Gjaldþolskrafa SCR (e.Solvency Capital Requirement): Er sú fjárhæð sem tryggingafélag er krafist um að hafa sem gjaldþol til þess að mæta skuldbindingum og áföllum í rekstri þess, samkvæmt Solvency II.

Þar er gerð krafa um að tryggingafélag reikni gjaldþolskröfu sína út frá fleiri áhættuþáttum í starfsemi þess en áður. Þessir þættir eru m.a. markaðsáhætta (sveiflur í fjárfestingasafni), mótaðilaáhætta, váttryggingaáhætta og rekstaráhætta.

Gjaldþolskrafan á að vera fullnægjandi til þess að tryggingafélag geti staðið við allar skuldbindingar sínar næstu 12 mánuði með 99,5% líkindum. Með því er átt við líkurnar á að tölfræðilega geti tryggingafélag ekki staðið við skuldbindingar sínar einu sinni á 200 ára fresti. Ef gjaldþol tryggingafélags fer undir SCR gjaldþolskröfunu ber félaginu að senda Fjármálaeftirlitinu áætlun um það hvernig það hyggst bregðast við til að ná gjaldþolinu upp fyrir gjaldþolskröfunu á ný. Að öðru leyti heldur starfsemi tryggingafélagins áfram.

Lágmarksfjármagn MCR (e.Minimum Capital Requirement): Samkvæmt Solvency II er gerð krafa um að tryggingafélag reikni sér lágmarksfjármagn (mun einfaldari útreikningar). MCR liggur á bilinu 25% - 45% af SCR gjaldþolskröfunni. Fari gjaldþol tryggingafélags undir lágmarksfjármagn þess á það á hættu að missa starfsleyfið og FME hefur heimild til þess að skipa nýja stjórn yfir félaginu geri félagið ekki nauðsynlegar ráðstafanir til að rétta við fjárhag sinn.

Fyrirvari



Kynningu þessari er einvörðungu ætlað að aðstoða viðtakanda við að ákveða hvort að gera skuli frekari greiningu á því sem í henni er fjallað um. Kynningu þessari er einvörðungu ætlað að vera til upplýsinga og skal hvorki tekið sem tilboði eða hvatningu um áskrift, kaup eða sölu á fjármálagerningum af hvaða tagi sem er né vera grunnur að hvers konar ákvörðun um að fjármagna tækifæri það sem fjallað er um í kynningu þessari.

Upplýsingarnar í kynningu þessari hafa ekki verið sannreyndar af hálfu Arctica Finance hf. („Arctica“), viðskiptavina þess eða annarra aðila og geta því verið háðar breytingum, uppfærslu, lokaútgáfu eða endurútgáfu, sem allt getur falið í sér verulegar breytingar. Arctica, viðskiptavinir þess eða aðrir hvorki veita né munu veita tryggingu eða ábyrgð, beint eða óbeint, á því að upplýsingarnar eða skoðanir í kynningu þessari séu nákvæmar, áreiðanlegar, sanngjarnar eða tæmandi. Arctica, viðskiptavinir þess eða tengdir aðilar eru með engum hætti ábyrgir fyrir hvers konar tjóni eða tapi, af hvaða tagi sem er, beint eða óbeint, sem viðtakandi eða tengdir aðilar kunna að verða fyrir með því að notast við eða nýta sér með öðrum hætti kynningu þessa eða innihald.

Engin trygging eða ábyrgð er veitt á því að nokkrar af þeim spám eða fyrirætlunum sem lýst kann að vera gangi eftir. Sérhver viðtakandi verður að framkvæma eigin athuganir og greiningar á þeim upplýsingum, rekstri eða eignum sem fram koma í kynningu þessari og þeirri starfsemi sem í henni er lýst. Bent er á allar þær upplýsingar sem markaðurinn hefur fengið um það sérgreinda félag sem er viðfangsefni kynningar þessarar. Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til sérgreinds félags eða aðila eða aðilum tengdum þeim, áætlaðrar eða væntrar framtíðarafkomu eða framtíðarstarfsemi, er yfirlýsing um framtíðina sem byggir á núverandi upplýsingum, gögnum og áætlunum. Framtíðarspár og fyrirætlanir eru ávallt háðar ýmsum áhættum og óvissuþáttum sem gætu leitt til verulega breyttra niðurstaðna er aftur gæti leitt til umtalsverðra áhrifa á útkomu og fjárhagslega afkomu þeirra atriða sem tilgreind eru í kynningu þessari. Af þessum sökum er viðtakandi hvattur til að taka öllum framtíðarspám og fyrirætlunum með fyrirvara og þær skal á engan hátt skoða sem loforð um árangur í rekstri eða ávöxtun fjármuna af hálfu Arctica, viðskiptavina þess eða tengdra aðila.

Hvorki Arctica né viðskiptavinir þess eru skuldbundnir til að veita viðtakanda kynningar þessarar nokkrar frekari upplýsingar eða að uppfæra kynningu þessa eða leiðréttta villur í henni sem í ljós kunna að koma.

Dreifing kynningar þessarar eða upplýsinga sem í henni eru kann að vera takmörkunum háð lögum samkvæmt í öðrum löndum en á Íslandi og er viðtakanda skylt að kynna sér viðeigandi lög og takmarkanir sem gilda og framfylgja slíkum lögum og takmörkunum á notkun kynningarinnar sem í gildi kunna að vera.

Arctica er einvörðungu ráðgjafi þess eða þeirra aðila sem Arctica gerir skriflegan samning við þar að lútandi að því er varðar megin innihald kynningar þessarar. Af þeim völdum verður Arctica því ekki ábyrgt fyrir að veita neinum öðrum en þeim viðskiptavini (hvort sem að sá viðskiptavinur er viðtakandi kynningar þessarar eður ei) þá vernd sem í því felst að vera slíkur viðskiptavinur Arctica eða að veita öðrum ráðgjöf í tengslum við viðskipti þessu tengt. Sérhverjum viðtakanda kynningar þessarar er ráðlagt að leita sér sjálfstæðrar fjárfestingarráðgjafar.

Spurningar



ÞAR SEM **TRYGGINGAR**
SNÚAST UM FÓLK